

1861. þær meðal annars getið þess, að til tímakennslu hafi verið var-
26. septbr. ið 1 rd. 24 sk. meiru, en ætlað hafi verið til hennar, en að
þær hafið hlutast til um, að þetta verði lagað í reikningi yfir-
standandi árs, á þann hátt, að þessir 1 rd. 24. sk. verði í
honum tilfært sem tekjur.

Í þessu efni lætur stjórnarráðið ekki hjá líða að tilkynna
yður, að slík aðferð, sem nú var getið, er óleyfleg, og að
ekki má fremur bæta úr því, að ofmikið hefir verið borgað af
einhverjum gjaldlið í fjárlögum undanfarandi árs, með því að
taka það, sem á hefir vantað, af sama gjaldlið í fjárlögum næsta
árs á eptir, heldur en verja megi því, sem sparað hefir verið
af einum gjaldlið í fjárlögum, annaðhvort til annara gjalda
sama árið, eður til sömu gjalda í næsta árs fjárlögum. Þegar
fjárhagsárið er liðið, má eigi lengur verja neinu af því fè, sem
veitt hefir verið í fjárlögum fyrir það tímabil, og það sem
orðið hefir afgang af hinum sérstöku gjaldliðum ber að álíta
beinlínis tekjur ríkissjóðsins, en hafi einhver gjaldliður í fjár-
lögum eigi hrokkið til, verður eptir á að fá veitt það fè, sem
framyfir hefir farið; en að öðru leyti er það vitaskuld, að eigi
má þannig fara fram yfir það, sem ákveðið er í fjárlögum,
nema svo sè ástatt, að til þess beri brýna nauðsyn.

28. septbr. **70. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir-
valdanna á Íslandi, um borgun embættislauna
fyrirfram.**

Af reikning þeim, er hingað kom með síðasta póstkípi, yfir
tekjur og gjöld prestaskólans og hins lærða skóla á Íslandi um
næstliðið fjárhagsár, hefir dómsmálastjórnin komið að raun um,
að þær, herra stiptamtmaður, og þær, háæruverðugi herra, hafið
veitt leyfi til, að Gísla skólakennara Magnússyni hafa verið greidd
fyrirfram embættislaun hans fyrir fjórðung árs eptir opnu bréfi
31. maím. 1855, 5. gr., með því skilyrði, að fè þetta yrði
aptur borgað á þann hátt, sem nákvæmar er ákveðið um í laga-
boði þessu.

Út af þessu skal yður það til vitundar gefið, til þess þér ^{1861.} 28. septbr. gætið þess framvegis, að það að eins heyrir undir úrskurð hlutadeiganda stjórnarráðs, hvort leyfa megi að embættislaun séu út borguð fyrirfram, og fyrir hve langan tíma; og eigið þér því, þegar svo ber undir, að senda hingað bænarskrá þess embættismanns, er hlut á að máli, og rita á hana álit yðar um málið, til þess það síðan verði lagt undir úrskurð hlutadeiganda ráðgjafa.

71. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skilríki fyrir bókum, er keyptar eru handa hinum lærða skóla m. m. 2. október.

Frá hinni annari endurskoðunarskrifstofu konungsríkisins hefir verið sent hingað eptirrit af 14. útásetningagrein við reikningana yfir tekjur og gjöld hinna lærðu menntunarstofnana á Íslandi um tímabilið frá 1. aprílm. 1854 til 31. marzm. 1856, ásamt svari þess, er reikninginn hafði samið, álit þess, er hann hafði endurskodað, úrskurðinum um útásetninguna, og álit þeirra um hvort úrskurðinum væri fullnægt; hefir um leið verið stungið upp á, að ársreikningum skólanna skuli fylgja ekki að eins kvittadir reikningar bókasölumanna yfir bækur þær, er þeir hafa af hendi látið, heldur og þar að auki listar yfir nýjar bækur, er bætzt hafa við, og yfir bækur, er fargað hefir verið, og því hafa gengið úr það ár, er reikningurinn nær yfir, ásamt skýrslu um, hvað fengizt hafi fyrir hinar síðartöldu bækurnar.

Þaræð nú kirkju- og kennslustjórnin fellst á uppástungu þessa, skorar hún hér með á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að þér bjóðið þeim, er hlut eiga að máli, að hegða sér samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið.

72. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sveitarstyrk. 30. október.

Dómsmálastjórnin hefir fengið álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 25. júním. þ. á., yfir umkvörtunarbréf